



Alþingi

Erindi nr. P 132/1649

komudagur 19.4 2006

Landbúnaðarnefnd Alþingis
bt. Elísabetar Ránar Andréadóttur
Alþingi
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 18. apríl 2006
SP/hó

Efni: Frumvörp til laga um lax- og silungsveiði o.fl. (607., 612., 613., 595. og 596. mál)
Tilv: 2006030013

Bændasamtök Íslands hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um lax- og silungsveiðar, 607. mál, ásamt fjórum fylgifrumvörpum. Okkur gafst einnig kostur á að kynna okkur umsögn Landssambands veiðifélaga um sömu frumvörp. Bændasamtökin taka undir þá umsögn í öllum megin dráttum, en vilja auk þess koma eftirfarandi athugasemdum/ábendingum um einstakar greinar á framfæri.

Frv. um lax- og silungsveiði (607. mál).

8. grein: Veiðiréttur í óskiptri sameign.

Þessi grein kemur í stað 4. greinar gildandi laga.

Athygli er vakin á því, að 2. tl. 4. gr. gildandi laga fellur niður, en þar er kveðið á um, að við landskipti skuli veiðiréttur vera í hlutfalli við landverð hvers jarðarhluta, ef ekki verður samkomulag um annað.

Það þarfnast skoðunar, hvort þetta má falla út.

15. grein: Landbúnaðarstofnun fær heimild til að takmarka eða banna veiðar á silungi í sjó án þess að fyrir liggi formlegar óskir frá aðliggjandi veiðifélögum eða umsögn Veiðimálastofnunar um þörf slíks.

Þessi heimild til eignaupptöku er rýmri en fyrri heimildir sama efnis og eðli máls samkvæmt of rúm.

Eigendur sjávarjarða þurfa samkvæmt frumvarpinu að sanna fjárhagslegt tjón vegna takmörkunar veiði, en horft virðist fram hjá því að margir eigendur sjávarjarða stunda sjávarveiðar silungs sé til ánægju og öflunar góðmetis til eigin nota. Slíkar veiðar eru vandmetnar til fjár og sönnun tjóns fyrir dómi því erfið.

Hér er um viðkvæmt mál að ræða, sem vanda þarf lagasetningu um þannig að allrar sanngirni sé gætt.

29. og

30. grein: Í greinum þessum er kveðið á um reglur, nýtingaráætlanir, annars vegar um stangveiði í straumvatni og hins vegar um veiðitæki og veiðiaðferðir í stöðuvötnum. Reglur þessar skal Landbúnaðarstofnun staðfesta að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar, en Landbúnaðarstofnun getur skv. frumvarpinu, sett slíkar reglur að eigin frumkvæði, ef veiðifélög/veiðiréttarhafar sinni ekki þeirri skyldu.

Hér er rétt að íhuga hvort staðfestingarferillinn þurfi að vera fortakslaus og gilda jafnvel um minnstu fiskihverfi, þar sem nýtingin er sú ein t.d. að einn eða fáir landeigendur veiða sér til matar. Miða skal við það meginsjónarmið að innleiða enga nýja skriffinnsku né opinbert eftirlit, sem ekki eru gildar ástæður fyrir.

Frv. um fiskrækt (613. mál).

Bændasamtök Íslands sakna þess að frumvarpið innifelur ekki lagasetningu um Fiskræktarsjóð, heldur er vísað til þess í athugasemdum, að 14. kafli gildandi laga nr. 76/1970 um Fiskræktarsjóð eigi að standa óbreyttur “um sinn”. Þetta veikir ný lög um fiskrækt og skapar óvissu um framtíð Fiskræktarsjóðs, sem Bændasamtökin leggja ríka áherslu á að verði tryggð.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands

